

KIRKJUGARÐARÁÐ

84. fundur haldinn 13. desember 2010 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð. Smári Sigurðsson boðaði forföll.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 15:00 og farið yfir fundargerð síðasta fundar sem samþykkt var eftir minniháttar lagfæringar.

2. Staða verka

Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri og Sigurgeir Skúlason gerðu grein fyrir stöðu verkefna.

3. Úttekt á útreikningum fjármálaráðuneytis á framlagi til kirkjugarða

Þórsteinn Ragnarsson kynnti úttektina sem Kirkjugarðasambandið stendur fyrir.

4. Kirkjugarðarnir í Flatey á Breiðafirði og í Selárdal - framkvæmdir

Guðmundur Rafn kynnti. Verið er að vinna að viðgerð minningarmarka í görðunum í samvinnu við Kirkjugarða Reykjavíkur og með vitund Fornleifaverndar ríkisins.

5. Reglugerð um stærð og gerð minningarmarka í kirkjugörðum Akureyrar

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar og samþykktar nýja reglugerð um stærð og gerð minningarmarka í kirkjugörðum Akureyrar. Framkvæmdastjóra var falið að senda umsögn Kirkjugarðaráðs til ráðuneytisins.

6. Bréf vegna minningargarðs á Flateyri

Erindi hafnað. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samráði við formann.

7. Breyting á starfshlutfalli Sigurgeirs Skúlasonar

Sigurgeiri hefur verið sagt upp störfum hjá Kirkjuráði, en hann hefur verið í 25% starfshlutfalli vegna starfa fyrir Jöfnunarsjóð sókna.

Ákveðið var að bjóða Sigurgeiri 100% starf hjá Kirkjugarðaráði enda liggur fyrir að Kirkjuráð hefur óskað eftir að geta nýtt sér vinnu hans að einhverju leyti og mun þá greiða Kirkjugarðaráði fyrir það. Formanni falið að ganga til samninga við Kirkjuráð um tilhögun vinnunnar.

8. Næsti fundur

Næsti fundur 14. febrúar (úthlutunarfundur) kl. 13.00.

9. Önnur mál

Ákveðið var að framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs héldi fund með fulltrúum Fornleifaverndar ríkisins þar sem farið yrði yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við og í kirkjugörðum árið 2011, sem hugsanlega hefðu áhrif á fornleifar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 17:15.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari